

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/467**

2018/EES/33/52

frá 30. september 2015

um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 að því er varðar útreikninginn á lögbundnum gjaldþolskröfum fyrir nokkra eignaflokka í eigu váttrygginga- og endurtryggingafélaga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga ⁽¹⁾, einkum 31. gr. (4. mgr.), 75. gr. (2. og 3. mgr.), 92. gr. (1. mgr. a), 111. gr. (b-, c- og m-liður 1. mgr.) og 308. gr. b (13. mgr.),*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fjárfestingaráætlunin fyrir Evrópu, sem framkvæmdastjórnin samþykkti í nóvember 2014, miðast að því að ryðja úr vegi viðskiptahindrunum, veita tækniástoð, gera fjárfestingarverkefni sýnilegri og ýta undir skynsamlegri nýtingu á nýju sem og fyrirliggjandi fjármagni. Sem hluti af þessari áætlun miðar stofnun Evrópusjóðs fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar (EFSI), með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1017 ⁽²⁾, að því að brúa núverandi fjárfestingargjá í ESB með því að virkja einkafjármögnun fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar sem markaðurinn getur ekki fjármagnað einn. Hann mun styðja stefnumiðaðar fjárfestingar í innviðum sem og áhættufjármögnun hjá litlum fyrirtækjum. Samtímis mun vinna við stofnun sambands fjármagnsmarkaða dýpka fjármálalega samþættingu og hjálpa til við að auka vöxt og samkeppnishæfni í Evrópusambandinu.
- 2) Til að vinna að þessum markmiðum, sem og markmiðum Sambandsins um sjálfbæran vöxt til langs tíma, ætti að auðvelda fjárfestingar váttryggjenda, sem eru stórir stofnanafjárfestar, í innviðum eða í gegnum Evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar. Til að liðka fyrir slíkum fjárfestingum ætti að koma upp nýjum eignaflokki fyrir innviðafjárfestingar innan rammans sem komið er á með tilskipun 2009/138/EB. Samhliða innleiðing á þessari gerð af framtaksverkefni með Evrópusjóðnum fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar ætti að auka heildaráhrifin á vöxt og störf í Sambandinu.
- 3) Framkvæmdastjórnin fór fram á og fékk tækniráðgjöf frá Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni að því er varðar viðmiðunina og kvörðunina á nýja eignaflokknum fyrir innviðafjárfestingar.
- 4) Í samræmi við markmið fjárfestingaráætlunarinnar fyrir Evrópu um að styðja fjárfestingu sem stuðlar að því að styrkja innviði Evrópu, með sérstakri áherslu á að byggja upp samtengdari innri markað, ætti nýi innviðaeignaflokkurinn ekki að takmarkast við tiltekinn geira eða áþreifanleg mannvirki, heldur innihalda öll kerfi og net sem veita og styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu.
- 5) Til að tryggja að flokkur innviðaeigna sé raunverulega afmarkaður við innviðafjárfestingar ættu viðurkenndar innviðaeignir að vera í eigu, fjármagnaðar, þróaðar eða reknar af fyrirtæki í innviðafjárfestingum sem ekki gegnir öðru hlutverki.
- 6) Afmarka ætti nýja innviðaeignaflokkinn með viðmiðunum sem tryggja að innviðafjárfestingar séu með traust áhættusnið að því er varðar álagsviðnámsþrótt þeirra, fyrirsjáanleika flæðis fjár og verndar sem samningsramminn veitir. Ef hægt er að sannreyna að innviðafjárfestingar hafi betra áhættusnið en aðrar fyrirtækjafjárfestingar, ætti að lækka áhættukröfuna í undireiningum vikáhættu og hlutabréfaáhættu í staðalreglunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 85, 1.4.2016, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/2018 frá 23. mars 2018 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1017 frá 25. júní 2015 um evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, evrópumíðstöð fyrir fjárfestingarráðgjöf og evrópugátt fyrir fjárfestingarverkefni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1291/2013 og (EEB) nr. 1316/2013 — Evrópusjóður fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar (Stjtið. ESB L 169, 1.7.2015, bls. 1).

- 7) Fyrirtæki í innviðafjárfestingum ætti að veita samningsbundinn ramma sem tryggir hátt verndarstig fyrir fjárfesta hennar, þ.m.t. ákvæði gegn tapi vegna slita á verkefnum af hálfu aðilans sem samþykkt hefur að kaupa vörur og þjónustu, og virkja mætti með niðurfellingu á kaupsamningi. Fullnægjandi fjárhagsráðstöfun ætti að vera til staðar til að ná utan um óvænta fjármögnun og rekstrarfjárför.
- 8) Til að draga úr áhættunni fyrir lánveitendur ætti að koma á fullnægjandi eftirliti með fyrirtækinu í innviðafjárfestingum, þ.m.t. baktryggingu í formi eigna og hlutafjár, sem og með því að takmarka notkunina á flæði fjár og starfsemina.
- 9) Ef kvörðunin fyrir fjárfestingar í skuldabréfum og lánnum er lækkuð út frá þeirri forsendu að flestum innviðafjárfestingum sé haldið til uppgreiðslu, ætti váttrygginga- eða endurtryggingafélag að geta sýnt fram á að það sé fært um það.
- 10) Til að hvetja til innviðafjárfestinga með háu endurnýtingarhlutfalli ætti nýi eignaflokkurinn að takmarkast við fjárfestingarflokk lána, og eingöngu við forgangslán þegar ekkert utanaðkomandi mat er tiltækt. Engu að síður, til að halda samkvæmni við rammann fyrir hlutabréf sem komið er á með tilskipun 2009/138/EB, ætti innfelling innviðahlutafjár í þennan nýja eignaflokk ekki að vera háð því að til sé eitthvert utanaðkomandi mat, eða af stigi þess, á fyrirtækinu á sviði innviða.
- 11) Ef ekkert ytra mat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis (ECAI) er tiltækt fyrir fjárfestingu í viðurkenndum innviðum, ættu viðbótarviðmiðanir að gilda til að tryggja að fjárfestingin falli undir takmarkaða áhættu. Þessar viðmiðanir ættu að kveða á um faglega stjórnun verkefnisins á uppbyggingarstigi, tryggja fullnægjandi ráðstafanir til að draga úr uppbyggingaráhættu, takmarka rekstrar- og endurfjármögnunaráhættu, og koma í veg fyrir að verkefnið sé notað í tengslum við spákaupmennsku með afleiðustöður.
- 12) Ef ekkert ytra mat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir fjárfestingu í viðurkenndum innviðum, ætti að tryggja að innviðaverkefnið sé framkvæmt í umhverfi þar sem stöðugleiki ríkir í stjórnámálum.
- 13) Verkefni sem byggjast á nýsköpunartækni eða -hönnun ættu að vera hæf til að falla innan þessa nýja eignaflokks, til að tryggja að Evrópusambandið geti áfram stefnt að því að vera leiðandi afl í tækniþróun. Til að tryggja að verkefni sem byggja á nýsköpun séu örugg, ættu váttryggjendur að framkvæma viðeigandi áreiðanleikakönnun til að staðfesta að tæknin sé prófuð. Þetta getur falið í sér prófun á frumgerð, tilraunaprófun og annað form af prófun til að sýna fram á að verkefnið byggist á traustri tækni og hönnun.
- 14) Samsetningin á þessum viðmiðunum í heild, byggðum á tækniráðgjöf Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, tryggir að varfærið og traust kerfi sé til staðar, þar sem þessar innviðaeignir sem njóta góðs af lækun gjaldþolskrafna eru öruggari og stöðugri en sambærilegar fyrirtækjafjárfestingar.
- 15) Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin hefur greint vísitölugögn um innviðahlutabréf, skráð innviðahlutabréf og fyrirtæki sem taka þátt í einkaframtaksfjármögnun. Niðurstaðan er að ráðlegt bil álags fyrir innviði sé 30–39%. Í samræmi við markmið fjárfestingaráætlunar fyrir Evrópu um að yta undir fjárfestingu í raunhagkerfinu, er kvörðun um 30% valin fyrir nýja innviðaeignaflokkinn, þar sem þessi kvörðun stuðlar að verulega mikilli hvatningu til að fjárfesta í innviðum.
- 16) Í samræmi við ráðleggingar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar ætti að beita samhverfu aðlögun kröfunnar vegna hlutabréfaáhættu á álagsþættina fyrir innviðahlutabréf í réttu hlutfalli.
- 17) Lækun áhættukrafna í undireiningu vikáhættu ætti að taka mið af þeirri staðreynd að sönnun er tiltæk sem sýnir að innviðafjárfestingar skila betri endurnýtingarhlutföllum en skuldir fyrirtækja og eru ekki jafn næmar fyrir viðtækari efnahagslegum þáttum. Af þessum sökum, fyrir nýja eignaflokkinn, ætti að lækka álagið á lánþætti áhættuálagsins í samræmi við kvörðunina sem Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin gefur upp. Til að hafa hliðsjón af viðurkenndri viðmiðun um að innviðafjárfestingum geti verið haldið til uppgreiðslu, ætti einnig að lækka álagið á lausafjárþætti áhættuálagsins.
- 18) Ef álagið á lausafjárþætti áhættuálagsins er lækkað fyrir viðurkenndar innviðafjárfestingar ætti þessi lækun einnig að gilda um eignir í aðlögunareignasafninu vegna samræmingar, þó án tvítalningar á lækkuðu lausafjáráættunni. Af þessum sökum ætti áhættuálagið sem beitt er á viðurkenndar innviðaeignir í aðlögunareignasafninu vegna samræmingar annaðhvort að vera lækkaða álagið sem gildir um aðlagadar eignir vegna samræmingar eða áhættuálagið fyrir viðurkenndar innviðaeignir, eftir því hvort er lægra.

- 19) Tryggja ætti hentugri meðferð á fjárfestingu váttrygginga- og endurtryggingafélaga í sjóðum sem komið er á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760⁽¹⁾, í samræmi við meðferð fjárfestinga í Evrópska áhættufjármagnssjóðnum og Evrópska félagslega framtakssjóðnum sem þegar er kveðið á um í 168. gr. framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35⁽²⁾.
- 20) Viðskipti með fjármálagerninga hafa í auknum mæli á undanförunum árum farið fram á markaðstorgum fjármálagerninga (e. *multilateral trading facilities* (MTFs)). Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB⁽³⁾ tryggir að markaðstorg fjármálagerninga falli undir svipaðar kröfur og skipulegir verðbréfamarkaðir, með tilliti til þess hverjum þeir geta heimilað aðgang að sem aðilum eða þátttakendum. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014⁽⁴⁾ leggur einnig svipaðar gagnsæiskröfur á markaðstorg fjármálagerninga og skipulega verðbréfamarkaði. Til að taka tillit til aukins mikilvægis markaðstorga fjármálagerninga og samleitni reglna sem gilda jafnt um markaðstorg fjármálagerninga og skipulega verðbréfamarkaði, ættu viðskipti með áhættuskuldbindingar á markaðstorgi fjármálagerninga að vera talin sem hlutabréf af gerð 1 í undireiningu hlutabréfaáhættu.
- 21) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/51/ESB⁽⁵⁾ er innleidd umbreytingarráðstöfun sem gildir um hlutabréfafjárfestingar sem keyptar voru fyrir 1. janúar 2016. Til að forðast hvatningu til verulegrar sölu á einstökum eignum í óskráðum hlutabréfum áður en ramminn sem komið var á með tilskipun 2009/138/EB tekur gildi, ætti gildissvið umbreytingarráðstöfunarinnar ekki að takmarkast við skráð hlutabréf.
- 22) Til að gera mögulega hlutfallslega meðferð á hlutabréfum sem haldið er innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir, þegar gegnsæisaðferðin er ekki möguleg, tilgreinir þessi reglugerð frekar á um að umbreytingarráðstöfunin sem sett er fram í 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skuli gilda um hlutfallið á hlutabréfum sem haldið er innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir í samræmi við markmiðið sem er undirliggjandi eignaskiptingu þann 1. janúar 2016, að því tilskildu að markmiðið um skiptinguna sé tiltækt féluginu. Þetta gerir félögum kleift að meta hlutfallið á hlutabréfum sem sjóðsstjóri kaupir fyrir 1. janúar 2016, þegar ekki er hægt að rekja þessi kaup vegna takmarkana sem reglur um upplýsingagjöf leggja á, eða vegna óheyrilegs kostnaðar. Þar á eftir skal hlutfallið á hlutabréfum sem umbreytingarráðstöfunin gildir um lækkað árlega í hlutfalli við eignaveltuhlutfall sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pökkuð er sem sjóðir.
- 23) Framseld reglugerð (ESB) 2015/35 inniheldur nokkrar minniháttar villur sem ætti að breyta.
- 24) Framseld reglugerð (ESB) 2015/35 setur einkum fram matsaðferð fyrir eignarhluti í tengdum félögum sem eru undanskilin gildissviði samstæðueftirlits eða dregin frá gjaldþolinu sem hæft er fyrir gjaldþolsstöðu samstæðunnar. Afleiðingarnar með tilliti til virðismats fyrir eignarhluti í tengdum félögum ættu að vera þær sömu, án tillits til ástæðnanna fyrir að undanskilja ákveðin tengd félög frá gildissviði samstæðueftirlits og þar af leiðandi ætti að nást yfir allar aðstæður þar sem undanskilja má tengd félög frá gildissviði samstæðueftirlits. Því ætti að breyta 13. gr.
- 25) Að því er varðar stefnumiðaða þátttöku í fjármála- og lánastofnunum, þegar vísað er til aðferðar 1 í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB⁽⁶⁾, ætti það ekki að þýða að samstæðan verði einnig að vera viðurkennd sem fjármálasamsteypa og falla undir viðbótareftirlit samkvæmt þeirri tilskipun. Til að beita undanþágunni nægir að fjármála- eða lánastofnunin sé tekin með í útreikninginn á gjaldþolsstöðu samstæðu samkvæmt tilskipun 2009/138/EB. Bæði samstæðureikningsskilin í tilskipun 2002/87/EB og í tilskipun 2009/138/EB eru talin jafngild, eins og tilgreint er í

(¹) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtíð. ESB L 123, 25.4.2013, bls. 98).

(²) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 frá 10. október 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjtíð. ESB L 12.17.2015, bls. 1).

(³) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

(⁴) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

(⁵) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/51/ESB frá 16. apríl 2014 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB og 2009/138/EB og reglugerðum (EB) nr. 1060/2009, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 að því er varðar valdsvið Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin) og Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) (Stjtíð. ESB L 153, 22.5.2014, bls. 1)

(⁶) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB frá 16. desember 2002 um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og fyrirtækjum í verðbréfabjónustu sem eru hluti af samsteypu fjármálafyrirtækja og um breytingu á tilskipunum ráðsins 73/239/EBE, 79/267/EBE, 92/49/EBE, 92/96/EBE, 93/6/EBE og 93/22/EBE og á tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 98/78/EB og 2000/12/EB (Stjtíð. ESB L 35, 11.2.2003, bls. 1).

8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 ⁽¹⁾. Því ætti að breyta 3. mgr. 68. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
- 26) Að því er varðar samantekni tölfraðileg gögn skal gagnaskilatímabilið aðlagð og því skulu upplýsingar sem birtar eru fyrir 31. desember 2020 innihalda gögn um öll undangengin ár frá og með 1. janúar 2016. Því ætti að breyta 2. mgr. 316. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2015/35.
- 27) Framseld reglugerð (ESB) 2015/35 inniheldur einnig fjölda prentvillna eins og rangar innri millivísanir, sem ætti að leiðrétta.
- 28) Við beitingu á kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð ætti að taka tillit til eðlis, stærðar og margbreytileika áhættanna sem eru innbyggðar í rekstur váttrygginga- eða endurtryggingafélags. Fyrirhöfnin og flækjustigið sem lagt er á váttryggingafélög ætti að vera í réttu hlutfalli við áhættusnið þeirra. Við beitingu á kröfunum sem settar eru fram í þessari reglugerð ættu upplýsingar að vera taldar mikilvægar ef þær gætu haft áhrif á ákvarðanatöku eða mat ætlaðra notanda þeirra upplýsinga.
- 29) Til að auka réttarvissu um eftirlitsreglurnar áður en gjaldþolsreglurnar (*e. Solvency II regime*) koma að fullu til framkvæmda 1. janúar 2016, er mikilvægt að tryggja að þessi reglugerð öðlist gildi eins fljótt og mögulegt er.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingaákvæði

Framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liðir 55a og 55b bætast við í 1. gr.:

„55a. „Innviðaeignir“: áþreifanlegar byggingar eða búnaður, kerfi og net sem veita eða styðja við nauðsynlega opinbera þjónustu.

55b. „Fyrirtæki í innviðafjárfestingum“: fyrirtæki sem má ekki hafa aðra starfsemi en að eiga, fjármagna, þróa eða reka innviðaeignir, þar sem greiðslur til lánardrottna og hlutabréfafjárfesta eru að mestum hluta fengnar með þeim eignun sem eru fjármagnaðar.“

2) Ákvæðum 13. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) félög sem eru undanskilin gildissviði samstæðueftirlits skv. 2. mgr. 214. gr. tilskipunar 2009/138/EB,“

b) í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Þegar viðmiðunin sem um getur í 4. mgr. 9. gr. þessar reglugerðar er uppfyllt, og ef notkunin á matsaðferðunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. er ekki möguleg, má verðleggja eignarhluti í tengdum félögum á grundvelli matsaðferðarinnar sem váttrygginga- eða endurtryggingafélögin nota fyrir undirbúning árs- eða samstæðureikningsskila sinna. Í slíkum tilvikum skal hluteignarfélagið draga virðið á viðskiptavildinni og öðrum óefnislegum eignum sem verðlagðar yrðu á núll í samræmi við 2. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, frá virði tengda félagsins.“

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2014 of 21. janúar 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/87/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir beitingu reikningsaðferðanna á eiginfjárförur fyrir fjármálasamsteypur (Stjtúð. ESB L 100, 3.4.2014, bls. 1).

3) Í stað 3. mgr. 68. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr., skulu váttrygginga- og endurtryggingafélög ekki draga frá stefnumiðaða hlutdeild eins og um getur í 171. gr., sem er innifalin í útreikningnum á gjaldþolsstöðu samstæðunnar á grundvelli aðferðar 1 eins og sett er fram í I. viðauka tilskipunar 2002/87/EB eða á grundvelli aðferðar 1 eins og sett er fram í 230. gr. tilskipunar 2009/138/EB.“

4) Eftirfarandi undirþáttur 1a bætist við I bálk, V kafla, 5. þátt:

„Undirþáttur 1a

Viðurkenndar innviðafjárfestingar

164. gr. a

Viðurkenndar innviðafjárfestingar

1. Að því er varðar þessa reglugerð skal viðurkennd innviðafjárfesting ná yfir fjárfestingu í fyrirtæki í innviðaverkefni sem uppfyllir eftirfarandi viðmiðanir:

- a) fyrirtækið í innviðafjárfestingum getur uppfyllt fjárskuldbindingar sínar í viðvarandi álagsaðstæðum sem skipta máli fyrir áhættuna af verkefninu,
- b) flæði fjár sem fyrirtækið í innviðafjárfestingum býr til fyrir lánveitendur og hlutabréfafjárfesta er fyrirsjáanlegt,
- c) samningsbundinn rammi gildir um innviðaeignirnar og fyrirtækið í innviðafjárfestingum, sem veitir lánveitendum og hlutabréfafjárfestum hátt verndarstig ásamt eftirfarandi:
 - a) Ef tekjur fyrirtækisins í innviðafjárfestingum koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda, skal samningsbundni ramminn innihalda ákvæði sem á skilvirkan hátt verndar lánveitendur og hlutabréfafjárfesta gegn tapi sem orsakast af slitum verkefnisins af hálfu aðilans sem samþykkt hefur að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem fyrirtækið í innviðafjárfestingum veitir,
 - b) fyrirtækið í innviðafjárfestingum hefur nægjanlega varasjóði eða annað fjármögnunarfyrirkomulag til að mæta ófyrirséðum útgjöldum og rekstrarfjárförf verkefnisins,

Ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum skal þessi samningsbundni rammi einnig innihalda eftirfarandi:

- i. lánveitendur eru með tryggingu, að því marki sem heimilað er í gildandi lögum, í öllum eignum og samningum sem nauðsynlegir eru til að starfrækja verkefnið,
 - ii. hlutafé er veðsett lánveitendum þannig að þeir geta tekið yfir stjórn fyrirtækis í innviðafjárfestingum áður en kemur til gjaldþrots,
 - iii. notkunin á nettó flæði fjár frá rekstrinum eftir lögboðnar greiðslur frá verkefninu í öðrum tilgangi en til að standa undir lánaskuldbindingum er takmörkuð,
 - iv. samningsbundnar takmarkanir á getu fyrirtækisins í innviðafjárfestingum til að framkvæma aðgerðir sem geta valdið lánveitendum skaða, þ.m.t. að ekki sé hægt að veita ný lán án samþykkis lánveitenda sem fyrir eru,
- d) ef fjárfestingar eru í skuldabréfum eða lánnum getur váttrygginga- eða endurtryggingafélagið sýnt eftirlitsyfirvaldinu fram á að það geti átt fjárfestinguna fram að gjalddaga,
- e) ef fjárfestingar eru í skuldabréfum sem lánshæfismat frá tilnefndu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki er ekki tiltækt fyrir, er fjárfestingargerningurinn með forgang á allar aðrar kröfur aðrar en lögbundnar kröfur og kröfur frá mótaðilum afleiða,
- f) ef fjárfestingar eru í hlutabréfum, eða skuldabréfum eða lánnum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, skulu eftirfarandi viðmið uppfyllt:
- i. innviðaeignirnar og fyrirtækið í innviðafjárfestingum eru staðsett á Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD),

- ii. ef fyrirtækið í innviðafjárfestingum er á uppbyggingarstigi skal hlutabréfafjárfestirinn uppfylla eftirfarandi viðmiðanir, eða ef það eru fleiri en einn hlutabréfafjárfestir, skal hópur hlutabréfafjárfesta í heild uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:
 - hlutabréfafjárfestarnir hafa áður haft árangursríka tilsjón með innviðaverkefnum með höndum og hafa viðeigandi sérfræðikunnáttu,
 - hlutabréfafjárfestarnir eru með lága gjaldþrotsáhættu, eða það er lítil áhætta á umtalsverðum töpum vegna gjaldþrots þeirra fyrir fyrirtækið í innviðafjárfestingum,
 - hlutabréfafjárfestarnir hafa hvata til að vernda hagsmuni fjárfesta,
- iii. fyrirtækið í innviðafjárfestingum hefur gert öryggisráðstafanir til að tryggja verklok verkefnisins samkvæmt samþykktri forskrift, fjárhagsáætlun eða lokadegi,
- iv. ef rekstraráhætta er umtalsverð, er henni stjórnað á tilhlýðilegan hátt,
- v. fyrirtækið í innviðafjárfestingum notar gæðaprófaða tækni og hönnun,
- vi. fjármagnsuppygging fyrirtækisins í innviðafjárfestingum gerir því kleift að standa skil á skuldum sínum,
- vii. endurfjármögnunaráhættan fyrir fyrirtækið í innviðafjárfestingum er lág,
- viii. fyrirtækið í innviðafjárfestingum notar afleiður eingöngu í áhættuvarnartilgangi.

2. Að því er varðar 1. mgr. b skal flæði fjár sem myndast fyrir lánveitendur og hlutabréfafjárfesta ekki vera talið fyrirsjáanlegt nema allar tekjurnar, að undanskildum óverulegum hluta, uppfylli eftirfarandi skilyrði:

- a) ein af eftirfarandi viðmiðunum er uppfyllt:
 - i. tekjurnar byggja á tiltækileika,
 - ii. tekjurnar falla undir reglur um arðsemi,
 - iii. tekjurnar falla undir algreiðslusamning,
 - iv. framleiðslustigið eða notkunin og verðið skulu, óháð hvort öðru, uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:
 - reglur hafa verið settar um það,
 - það er bundið í samningi,
 - það er nægjanlega fyrirsjáanlegt vegna lágrar eftirspurnaráhættu,
- b) ef tekjur fyrirtækisins í innviðafjárfestingum koma ekki sem greiðslur frá miklum fjölda notenda, skal aðilinn sem samþykkir að kaupa vörurnar eða þjónustuna sem fyrirtækið í innviðafjárfestingum veitir vera einn af eftirfarandi:
 - i. fyrirtæki sem skráð er í 2. mgr. 180. gr. þessarar reglugerðar,
 - ii. héraðsstjórn eða staðaryfirvald sem skráð er í reglugerðina sem sett var skv. a-lið 2. mgr. 109. gr. a tilskipunar 2009/138/EB,
 - iii. eining með lánshæfismat frá utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtæki sem er með a.m.k útlánagæðaprep 3,
 - iv. eining sem er útskiptanleg án verulegrar breytingar á tekjustigi eða tímaplani tekna.“

5) Ákvæðum 168. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1., 2. og 3. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Í undireiningu hlutabréfaáhættu sem um getur í b-lið 2. undirgreinar 5. mgr. 105. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal taka með undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 1, undireiningu áhættu vegna hlutabréfa af gerð 2 og undireiningu áhættu fyrir viðurkennd innviðahlutabréf.“

2. Hlutabréf af gerð 1 skulu samanstanda af hlutabréfum sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði í löndum sem eru aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu (EES) eða Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD), eða viðskipti eru höfð með á markaðstorgum fjármálagerninga eins og um getur í 22. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, sem eru með skráða skrifstofu eða höfuðstöðvar í aðildarríki Evrópusambandsins.

3. Hlutabréf af gerð 2 skulu samanstanda af öðrum hlutabréfum en þeim sem um getur í 2. mgr., hrávörum og öðrum fjárfestingum. Þau skulu einnig samanstanda af öllum eignum, öðrum en þeim sem undireining vaxtaáhættu, undireining fasteignaáhættu eða undireining vikáhættu ná yfir, þ.m.t. eignum og óbeinum áhættuskuldbindingum sem um getur í 1. og 2. mgr. 84. gr. þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni og váttrygginga- eða endurtryggingafélagið nýtir sér ekki ákvæðin í 3. mgr. 84. gr.“

b) Eftirfarandi 3. mgr. a bætist við:

„3a. Viðurkennd innviðahlutabréf skulu samanstanda af hlutabréfafjárfestingum í fyrirtækjum í innviðafjárfestingum sem uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í 164. gr. a.“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Gjaldþolskrafan fyrir hlutabréfaáhættu skal vera jöfn eftirfarandi:

$$SCRequity = \sqrt{SCR_{type1equities}^2 + 2 \cdot 0,75 \cdot SCR_{type1equities} \cdot (SCR_{type2equities} SCR_{quinf}) + (SCR_{type2equities} + SCR_{quinf})^2}$$

þar sem:

a) $SCR_{type1equities}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 1,

b) $SCR_{type2equities}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir hlutabréf af gerð 2,

c) $SCR_{type2equities}$ táknar gjaldþolskröfuna fyrir viðurkennd innviðahlutabréf.“

d) ákvæðum 6. mgr. er breytt sem hér segir:

i. í stað a- og b-liðar komi eftirfarandi:

„a) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir félagslegir framtakssjóðir, eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 (*), þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluta í þessum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu,

b) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru viðurkenndir áhættufjármagnssjóðir eins og um getur í b-lið 3. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 (**), þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluta í þessum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.“

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjtið. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).“

ii. í stað i. liðar í c-lið komi eftirfarandi:

„i. hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf, sem haldið er í slíkum sjóðum þegar mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sérhæfða sjóðsins,“

iii. eftirfarandi d-liður bætist við:

„d) hlutabréf, önnur en viðurkennd innviðahlutabréf, sem haldið er í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem eru með starfsleyfi sem evrópskir langtímafjárfestingarsjóðir samkvæmt reglugerð (ESB) 2015/760, ef mögulegt er að beita gegnsæisaðferðinni sem sett er fram í 84. gr. þessarar reglugerðar fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu, eða einingar eða hluta í þessum sjóðum þegar ekki er mögulegt að beita gegnsæisaðferðinni fyrir allar áhættuskuldbindingar innan sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu.“

6) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 169. gr.:

„3. Gjaldþolskrafan fyrir viðurkennd innviðahlutabréf, sem um getur í 168. gr. þessarar reglugerðar, skal vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af eftirfarandi skyndilegum lækkunum:

- a) skyndilegri lækkun sem er jöfn 22% í virðinu á fjárfestingum í viðurkenndum innviðahlutabréfum í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,
- b) skyndilegri lækkun sem er jöfn alls 30% og 77% af samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, í virðinu á viðurkenndum innviðahlutabréfum öðrum en þeim sem um getur í a-lið.“

7) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 170. gr.:

„3. Ef váttrygginga- eða endurtryggingafélag hefur fengið samþykki eftirlitsyfirvalda til að beita ákvæðunum sem sett eru fram í 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB, skal gjaldþolskrafan fyrir viðurkennd innviðahlutabréf vera jöfn tapinu í kjarnagjaldþolinu sem myndi leiða af skyndilegri lækkun:

- a) sem er jöfn 22% í virðinu á viðurkennda innviðahlutabréfinu sem samsvarar rekstrinum sem um getur í i-lið 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
- b) sem er jöfn 22% í virðinu á fjárfestingum í viðurkenndum innviðahlutabréfum í tengdum félögum í skilningi b-liðar 1. mgr. og 2. mgr. 212. gr. tilskipunar 2009/138/EB, ef þessar fjárfestingar eru að eðli til stefnumarkandi,
- c) sem er jöfn alls 30% og 77% af samhverfu aðlöguninni eins og um getur í 172. gr. þessarar reglugerðar, í virðinu á viðurkenndum innviðahlutabréfum öðrum en þeim sem um getur í a- eða b-lið.“

8) Í 171. gr. komi eftirfarandi í stað inngangsmálsliðarins:

„Að því er varðar a-lið 1. mgr., a-lið 2. mgr. og a-lið 3. mgr. 169. gr. og b-lið 1. mgr., b-lið 2. mgr. og b-lið 3. mgr. 170. gr. skulu hlutabréfafjárfestingar sem eru að eðli til stefnumarkandi tákna hlutabréfafjárfestingar þar sem hluteignarfélög á váttrygginga- eða endurtryggingasviði sýna fram á eftirfarandi:“

9) Í stað 173. gr. komi eftirfarandi:

„173. gr.“

Viðmiðanir fyrir notkun á umbreytingarráðstöfun fyrir staðlaða hlutabréfaáhættu

1. Umbreytingarráðstöfunin fyrir staðlaða hlutabréfaáhættu, sem sett er fram í 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, skal eingöngu gilda um hlutabréf sem voru keypt 1. janúar 2016 eða fyrr og sem falla ekki undir hlutabréfaáhættu sem byggist á líftíma skv. 304. gr. þeirrar tilskipunar.

2. Ef hlutabréfum er haldið innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir, og þegar gegnsæisaðferðin er ekki möguleg, skal umbreytingarráðstöfunin sem sett er fram í 13. mgr. 308. gr. b tilskipunar 2009/138/EB, beitt á hlutfallið á hlutabréfum sem haldið er innan sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir í samræmi við markmiðið sem er undirliggjandi eignaskiptingu 1. janúar 2016, að því tilskildu að markmiðið um skiptinguna sé tiltækt félaginu. Hlutfallið á hlutabréfum sem umbreytingarráðstöfuninni er beitt á skal lækkað árlega í hlutfalli við eignaveltuhlutfall sjóðsins um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestingar sem pakkaðar eru sem sjóðir. Ef markmiðið um skiptinguna fyrir hlutabréfafjárfestingar sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða fjárfestinga sem pakkaðar eru sem sjóðir hækkar, skal ekki hækka hlutfall hlutabréfanna sem umbreytingarráðstöfuninni er beitt á.“

10) Eftirfarandi 11., 12. og 13. mgr. bætast við 180. gr.:

„11. Áhættuskuldbindingar í formi skuldabréfa og lána sem uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í 12. mgr. skal úthlutað áhættuþætti *stress*, með hliðsjón af útlánagæðaprepi og líftíma áhættuskuldbindingarinnar samkvæmt eftirfarandi töflu:

Prep útlánagæða		0		1		2		3	
Tímalengd (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
allt að 5	$b_i \cdot dur_i$	—	0,64%	—	0,78%	—	1,0%	—	1,67%
Meira en 5 og allt að 10	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 5)$	3,2%	0,36%	3,9%	0,43%	5,0%	0,5%	8,35%	1,0%
Meira en 10 og allt að 15	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 10)$	5,0%	0,36%	6,05%	0,36%	7,5%	0,36%	13,35%	0,67%
Meira en 15 og allt að 20	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	6,8%	0,36%	7,85%	0,36%	9,3%	0,36%	16,7%	0,67%
Meira en 20	$\min[a_i + b_i \cdot (dur_i - 20); 1]$	8,6%	0,36%	9,65%	0,36%	11,1%	0,36%	20,05%	0,36%

12. Viðmiðunin fyrir áhættuskuldbindingar sem er úthlutað áhættuþætti í samræmi við 11. mgr. skal vera:

- áhættuskuldbindingin tengist viðurkenndri innviðafjárfestingu sem uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 164. gr. a,
- áhættuskuldbindingin er ekki eign sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði:
 - henni er úthlutað á aðlögunareignasafn vegna samræmingar í samræmi við 2. mgr. 77. gr. b tilskipunar 2009/138/EB,
 - henni hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi milli 0 og 2,
- lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir áhættuskuldbindinguna,
- áhættuskuldbindingunni hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi milli 0 og 3.

13. Áhættuskuldbindingum í formi skuldabréfa og lána sem uppfylla viðmiðunina sem sett er fram í a- og b-lið 12. mgr., en uppfylla ekki viðmiðunina sem sett er fram í c-lið 12. mgr., skal úthlutað áhættuþætti jafngildum útlánagæðaprepi 3 og líftíma áhættuskuldbindingarinnar í samræmi við töfluna sem sett er fram í 11. mgr.“

11) Í stað síðasta málslíðar b-liðar 181. gr. komi eftirfarandi:

„Fyrir eignir í úthlutaða eignasafninu sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir, og fyrir viðurkenndar innviðaeignir sem hefur verið úthlutað útlánagæðaprepi 3, skal lækkunarþátturinn vera 100%.“

12) Eftirfarandi 261. gr. a bætist við:

„261. gr. a

Áhættustýring við fjárfestingar í viðurkenndum innviðaverkefnum

1. Vátrygginga- og endurtryggingafélög skulu gera fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður fjárfest er í viðurkenndum innviðaverkefnum, sem fela í sér allt eftirfarandi:

- skjalfest mat á því að verkefnið fullnægi viðmiðunum skv. 164. gr. a, og sem hefur farið í gegnum staðfestingarferli sem framkvæmt er af aðilum sem eru óháðir þeim aðilum sem framkvæma áreiðanleikakönnunina, og án mögulegra hagsmunaárekstra milli þeirra,

b) staðfestingu á því að skipulag flæði fjár í verkefninu hafi verið metið af aðilum sem eru óháðir þeim aðilum sem þróa skipulag fjárfestingarinnar, og án mögulegra hagsmunaárekstra milli þeirra.

2. Vátrygginga- og endurtryggingafélög sem hafa fjárfest í viðurkenndum innviðaverkefnum skulu reglulega vakta og framkvæma álagspróf á flæði og virði veða sem styðja fyrirtækið vegna innviðafjárfestinga. Álagspróf skal vera í samræmi við eðli, umfang og margbreytileika áhættunnar sem felst í innviðaverkefninu.

3. Þegar vátrygginga- eða endurtryggingafélög hafa fjárfest í viðurkenndu innviðaverkefni skulu þau koma á skriflegri málsmeðferð, sem um getur í 3. mgr. 41. gr. tilskipunar 2009/138/EB, þar sem kveðið er á um hvernig innviðaverkefni eru vöktuð meðan þau eru byggð upp og hvernig endurheimt fjármagns er hámarkuð ef verkefnið gengur ekki upp.

4. Vátrygginga- eða endurtryggingafélög sem hafa fjárfest í viðurkenndu innviðaverkefni með fjárfestingu í skuldabréfum eða lánnum skulu hafa eigin eigna- og skuldastýringu til að tryggja að þau geti átt fjárfestinguna meðan verkefnið varir.“

13) Í stað 2. mgr. 316. gr. komi eftirfarandi:

„2. Frá og með 31. desember 2020 skal birta gögn fjögurra undangenginna ára. Þegar gögn verða birt vegna stöðu 31. desember 2020 skal birta gögn allra undangenginna ára frá og með 1. janúar 2016.“

2. gr.

Leiðréttingarákvæði

Framseld reglugerð (ESB) nr. 2015/35 er leiðrétt sem hér segir:

1. Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 73 gr. komi eftirfarandi:

„Eiginleikarnir sem um getur í 72. gr. skulu annaðhvort vera þeir sem settir eru fram í a- til i-liðar eða þeir sem settir eru fram í j-lið.“

2. Ákvæði 170. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) í stað a-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) skyndilegri lækun sem er jöfn 22% á virðinu á hlutabréfum af gerð 1 sem samsvara rekstrinum sem um getur í i-lið 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB,“

b) í stað a-liðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„a) sem er jöfn 22% í virðinu á hlutabréfum af gerð 2 sem samsvara rekstrinum sem um getur í i-lið 1. mgr. 304. gr. tilskipunar 2009/138/EB.“

3. Ákvæði 176. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Skuldabréfum og lánnum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er tiltækt fyrir, skal úthlutað áhættustuðul $stress_i$ með hliðsjón af útlánagæðaprepi og leiðréttum líftíma dur_i skuldabréfsins eða lánsins i samkvæmt eftirfarandi töflu:

Útlánagæðaprep		0		1		2		3		4		5 og 6	
Líftími (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
allt að 5	$b_i \cdot dur_i$	—	0,9%	—	1,1%	—	1,4%	—	2,5%	—	4,5%	—	7,5%
Meira en 5 og allt að 10	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 5)$	4,5%	0,5%	5,5%	0,6%	7,0%	0,7%	12,5%	1,5%	22,5%	2,5%	37,5%	4,2%

Útlánagæðaprep		0		1		2		3		4		5 og 6	
Líftími (dur_i)	$stress_i$	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i	a_i	b_i
Meira en 10 og allt að 15	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 10)$	7,0%	0,5%	8,5%	0,5%	10,5%	0,5%	20,0%	1,0%	35,0%	1,8%	58,5%	0,5%
Meira en 15 og allt að 20	$a_i + b_i \cdot (dur_i - 15)$	9,5%	0,5%	11%	0,5%	13,0%	0,5%	25,0%	1,0%	44,0%	0,5%	61,0%	0,5%
Meira en 20	$\min[a_i + b_i \cdot (dur_i - 20); 1]$	12,0%	0,5%	13,5%	0,5%	15,5%	0,5%	30,0%	0,5%	46,6%	0,5%	63,5%	0,5% ⁴⁴

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Skuldabréfum og lánnum sem lánshæfismat tilnefnds utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækis er ekki tiltækt fyrir og sem skuldarar hafa ekki lagt fram veð fyrir sem uppfyllir viðmiðunina sem sett er fram í 214. gr., skal úthlutað áhættustuðli $stress_i$ með hliðsjón af líftímanum dur_i á skuldabréfinu eða láninu i samkvæmt eftirfarandi töflu:

Líftími (dur_i)	$stress_i$
allt að 5	$3 \% \cdot dur_i$
Meira en 5 og allt að 10	$15 \% + 1,7 \% \cdot (dur_i - 5)$
Meira en 10 og allt að 20	$23,5 \% + 1,2 \% \cdot (dur_i - 10)$
Meira en 20	$\min(35,5 \% + 0,5 \% \cdot (dur_i - 20); 1)^{44}$

4. Ákvæði 1. mgr. 179. gr. eru leiðrétt sem hér segir:

a) Í stað inngangsmálsliðarins komi eftirfarandi:

„Gjaldþolskrafan SCR_{cd} fyrir vikáhættu á lánaafleiður aðrar en þær sem um getur í 3. mgr. skal vera jöfn þeirri hærrí af eftirfarandi gjaldþolskröfum:“

b) Í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) tapinu í kjarnagjaldþoli sem myndi leiða af skyndilegri hækkun að raungildi á skuldatryggingarálagi gerninganna sem eru undirliggjandi skuldaafleiðunum.“

5. Í stað formúlnnar í 5. undirgrein 2. mgr. 192. gr. komi eftirfarandi:

$$„LGD = \max(90 \% \cdot (Recoverables + 50 \% \cdot RM_{re}) - F' \cdot Collateral; 0)^{44},$$

6. Í stað 3. mgr. 218. gr. komi eftirfarandi:

„3. Ef váttrygginga- eða endurtryggingafélög hafa komið á mörgum endurtryggingarsamningum vegna umframtaps sem hver um sig uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í d-lið 2. mgr., og í sameiningu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í a-, b- og c-lið 2. mgr., skal samsetning þeirra talin sem einn færarlegur endurtryggingarsamningur vegna umframtaps.“

7. Í stað 4. mgr. 296. gr. komi eftirfarandi:

„4. Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu skal innihalda upplýsingar um svið, sem sett eru fram í 263. gr. til að fara að kröfum um upplýsingagjöf váttrygginga- eða endurtryggingafélags eins og mælt er fyrir um í 1. og 3. mgr. þessarar greinar.“

8. Í stað 3. mgr. 317. gr. komi eftirfarandi:

„3. Árleg samantekin töluleg gögn vegna eftirlitsskyldra félaga og samstæðna í samræmi við 316. gr., skulu birt, að því er varðar hvert almanaksár, innan þriggja mánaða eftir dagsetninguna sem félög, sem eru með lok fjárhagsárs 31. desember, eiga skv. c-lið 1. mgr. 312. gr. að leggja fram árleg meginleg sniðmát. Upplýsingar um eftirlitsyfirvöldin skulu gerðar aðgengilegar innan fjögurra mánaða eftir 31. desember hvers almanaksárs.“

9. Í stað 1. mgr. 330. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar eftirlitsyfirvöld meta hvort ákveðið gjaldþol sem hæft er til að ná yfir gjaldþolskröfu tengds váttrygginga- eða endurtryggingafélags, tengds váttrygginga- eða endurtryggingafélags í þriðja landi eða eignarhaldsfélags á váttryggingasviði eða blandaðs eignarhaldsfélags í fjármálastarfsemi sé í reynd ekki tiltækt til að mæta samstæðugjaldþolskröfu skulu þau taka til athugunar alla eftirfarandi þætti:

- a) hvort gjaldþolsliðurinn falli undir laga- eða reglugerðakröfur sem takmarka getu þess liðar til að mæta hvers konar tapi hvar sem það verður í samstæðunni,
- b) hvort laga- eða reglugerðakröfur takmarki framsalshæfi eigna til annars váttrygginga- eða endurtryggingafélags,
- c) hvort það að gera þetta gjaldþol aðgengilegt til að ná yfir samstæðugjaldþolskröfuna væri ekki mögulegt innan 9 mánaða að hámarki,
- d) þegar aðferð 2 er notuð, hvort gjaldþolsliðurinn uppfylli ekki kröfurnar sem settar eru fram í 71., 73. og 77. gr. Í þessum tilgangi skal hugtakið „gjaldþolskrafa“ í þeim greinum ná bæði yfir gjaldþolskröfu tengda félagsins sem gefið hefur út gjaldþolsliðinn og samstæðugjaldþolskröfuna.“

10. Í stað 2. mgr. 375. gr. komi eftirfarandi:

„2. Hluteignarfélög á váttrygginga- og endurtryggingasviði, eignarhaldsfélög á váttryggingasviði eða blönduð eignarhaldsfélög í fjármálastarfsemi skulu leggja fyrir eftirlitsyfirvald samstæðu upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en 26 vikum eftir viðmiðunardagsetningu upphafsreikningsskilanna eins og um getur í a-lið 1. mgr. 314. gr.“

11. Ákvæði XVII. viðauka eru leiðrétt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.

12. Ákvæði XVIII. viðauka eru leiðrétt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

13. Ákvæði XXI. viðauka eru leiðrétt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. september 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

I. VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

a) í stað c-liðar 2. liðar komi eftirfarandi:

„c) ef iðgjaldaáhættuaðferðinni er beitt til að koma í staðinn fyrir staðalstíkana sem um getur í ii. undirlið a-liðar og ii. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr., eru samanlögð töp og iðgjaldatekjur ekki aðlagðar fyrir fjárhæð sem er endurheimtanleg frá endurtryggingarsamningum og félögum með sérstakan tilgang eða endurtryggingaiðgjöldum,“

b) í stað fyrsta málsliðar d-liðar 2. liðar komi eftirfarandi:

„ef iðgjaldaáhættuaðferðinni er beitt til að koma í staðin fyrir staðalstíkana sem um getur í i. undirlið a-liðar og i. undirlið c-liðar 1. mgr. 218. gr.:“

2) Í stað fyrsta málsliðar og fyrstu formúlu 5. liðar D-hluta komi eftirfarandi:

„Kvaðratmeðaltal spáskekkjunnar skal vera jafnt eftirfarandi:

$$MSEP = \sum_{i=1}^I \hat{C}_{(i,J)}^2 \cdot \left(\frac{\hat{Q}_{I-i}}{C_{(i,I-i)}} + \frac{\hat{Q}_{I-i}}{S_{I-i}} + \sum_{j=I-i+1}^{J-1} \frac{C_{(I-j,j)}}{S'_j} \cdot \frac{\hat{Q}_j}{S_j} \right) + 2 \cdot \sum_{i=1}^I \sum_{k=i+1}^I \hat{C}_{(i,J)} \cdot \hat{C}_{(k,J)} \cdot \left(\frac{\hat{Q}_{I-i}}{S_{I-i}} + \sum_{j=I-i+1}^{J-1} \frac{C_{(I-j,j)}}{S'_j} \cdot \frac{\hat{Q}_j}{S_j} \right) .$$

3) Í stað f-liðar 3. liðar F-hluta komi eftirfarandi:

„f) þegar viðurkenndur endurtryggingarsamningur vegna umfram taps sem um getur í 2. gr. 218. gr. veitir bætur eingöngu upp að ákveðnu marki, tákna b2 upphæðina á því marki.“

II. VIÐAUKI

Ákvæðum XVIII. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrsta málsliðar b-liðar 2. liðar í hluta C komi eftirfarandi:

„Þau innihalda hverja af eftirfarandi undireiningunum í staðalreglunni, að undanskildum þeim sem eru innan gildissviðs hlutalíkansins:“

2) Í stað c-liðar 2. liðar C-hluta komi eftirfarandi:

„c) „Þau innihalda mótaðilaáhættueininguna í staðalreglunni, nema hún sé innan gildissviðs hlutalíkansins:“

III. VIÐAUKI

Ákvæðum XXI. viðauka við framselda reglugerð (ESB) 2015/35 er breytt sem hér segir:

1) Í stað síðasta málsliðar A-hluta komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar sem settar eru fram í 1.–32. mgr. skulu veittar í tengslum við lok síðasta almanaksárs. Í tengslum við 12.–21., 23., 24. og 29.–31. mgr. skulu upplýsingarnar vísa til loka fjárhagsárs váttrygginga- og endurtryggingafélaga og váttryggingasamstæðna sem lauk á síðasta almanaksári.“

2) Í stað síðasta málsliðar B-hluta komi eftirfarandi:

„Upplýsingarnar sem settar eru fram í 2.–18. mgr. skulu veittar í tengslum við síðasta almanaksár.“
